

## Bæjarráð - FW: Staða landsbyggða í Evrópu - þróun og ábendingar um stefnumótun og úrræði

Til : Hjörðís Þráinsdóttir  
Frá : Gísli Halldór Halldórsson  
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir  
Heiti : Bæjarráð - FW: Staða landsbyggða í Evrópu - þróun og ábendingar um stefnumótun og úrræði  
Málsnúmer : 2018010013  
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga  
Skráð dags : 03.01.2018 16:01:50  
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [image001.gif](#)

**From:** Anna G. Björnsdóttir [mailto:[anna.g.bjornsdottir@samband.is](mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is)]

**Sent:** 3. janúar 2018 14:56

**Subject:** Staða landsbyggða í Evrópu - þróun og ábendingar um stefnumótun og úrræði

Ágæti framkvæmdastjóri/oddviti

Um leið og ég óska þér gleðilegs ár fer ég þess að leit að neðangreint verði kynnt fyrir fyrir kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins

mgkv  
Anna Guðrún

Sveitarstjórnarping Evrópuráðsins samþykkti á haustþingi sínu 2017 skýrslu um stöðu landsbyggða í Evrópu undir yfirskriftinnni "A better future for Europe's rural areas". Í skýrslunni er fjallað um tækifæri og áskoranir dreifbýlla svæða í Evrópu og hvernig hægt sé að takast á við þau.

Petta er áhugaverð skýrsla fyrir alla, sem hafa áhuga á íslenskum byggðamálum, þar sem hún gefur aðgengilega yfirsýn.

Sveitarstjórnarpingið leggur í skýrslunni áherslu á að það sem einkennir dreifbýl svæði í Evrópu er félagslegur, efnahagslegur og umhverfislegur fjölbreytileiki. Sum dreifbýl svæði eru þau efnuðstu og skilvirkstu í viðkomandi löndum meðan önnur kljást við íbúaflóttu, hækkandi meðalaldur, fátækt íbúa og yfirgefin lönd og fasteignir. Þessi munur hafi orðið enn meira áberandi eftir efnahagshrunið 2008. Mörg dreifbýl svæði sem liggja nálægt borgum hafi orðið sterkari og lífvænlegri meðan svæði sem liggja lengra í burtu hafi ekki náð sér á strik. Langtímaáhrif hnattvæðingar, upplýsingartækinnar og loftslagsbreytinga stuðli að enn meiri mun á milli svæða. Sum dreifbýl svæði séu farin að njóta ávinnings af "new rural economy" sem felur í sér að þau eru ekki eins háð starfsemi sem tengist landnotkun og byggja á fjölbreyttari efnahagsstarfsemi, þ. á m. framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem nýtur góðs af framþróun upplýsingatækni og sveigjanlegra vinnufyrirkomulagi. Til að takast á við þessa stöðu þarf nýja stefnumótunarnálgun fyrir dreifbýl svæði sem byggir á áskorunum og auðlindum hvers svæðis fyrir sig. Auk þess sé það mikilvæg forsenda fyrir árangri að auka tengsl og samstarf á milli þéttbýlla og dreifbýlla svæða.

Í ályktun þingsins, sem er hluti skýrslunnar, eru sveitarstjórnir á dreifbýlum svæðum hvattar til að vekja athygli almennings og þeirra sem bera ábyrgð á opinberri stefnumótun á fjölbreytileika dreifbýlla svæða; beina sjónum að auðlindum þeirra og möguleikum fremur en vandamálum. Þingið hvetur sveitarstjórnir til að móta staðbundnar byggðastefnur í samvinnu við alla þá sem geta lagt hönd á plóg til framþróunar, til að móta lágmarksþjónustustaðla til að tryggja samfelli í nauðsynlegri grunnþjónustu, til að bæta menntun og þjálfun, og til að styrkja frumkvöðla og nýsköpun og renna þannig fjölbreyttari stoðum undir efnahag svæðis.

Sveitarstjórnarþingið beinir því til að ráðherranefndar Evrópuráðsins að hvetja ríkisstjórnir aðildarríkja ráðsins til að þráa nýja tegund af byggðastefnu sem taki á sérstöðu hvers svæðis fyrir sig og byggi á þverfaglegri svæðisbundinni nálgun, og til að vinna að auknu jafnræði og velferð á þessum svæðum.

Í greinargerð sem fylgir ályktun og tilmælum, er kafli með tölulegum upplýsingum um þróun landsbyggða í Evrópu, farið er yfir hvernig O.E.C.D. og ESB hafa unnið að byggðamálum undanfarna two áratugi. Bæði samtökin hafi horfið frá "top down" nálgun og byggja nú á stöðunni innan svæða og að því að virkja aðila og auðlindir hvers svæðis fyrir sig. Í sérstökum kafla er farið yfir megin áskoranir og tækifæri fyrir dreifbýl svæði í Evrópu og fyrirmynnarverkefni kynnt sem hafa stuðlað að félagslegrí sjálfbærni og aðlögun svæða, skapað atvinnutækifæri, byggt upp þekkingu og innviði en það er á þessum sviðum sem helstu áskoranir dreifbýlla svæða liggja. Í lokin eru ábendingar um hvernig sé hægt að takast á við þau úrlausnarefní sem dreifbýl svæði standa frammi fyrir.

Á þessum tengli eru nánari upplýsingar um umfjöllun Sveitarstjórnarþingsins um málið og skýrslan í heild sinni

<https://www.coe.int/en/web/congress/-/overcoming-the-challenges-specific-to-rural-areas>

mgkv  
Anna Guðrún



**Anna Guðrún Björnsdóttir**  
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs  
Beint innval: 515 4920  
Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

**Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthlíf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.